

4. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í rikissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuieidis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenskra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

- a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
- b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.

c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan féлага, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks féлага.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í rikissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, rikissjóður, rikisfyrirtæki og rikisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón rikisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög, kirkju-sjóðir, sparissjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðar-mönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr rikissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlandri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500 til	1000 kr.	greiðist	3 kr. af	500 kr. og	0,8% af afgangi
—	1000	—	2000	—	—	0,5
—	2000	—	3000	—	—	2
—	3000	—	4000	—	—	3
—	4000	—	5000	—	—	4
—	5000	—	6000	—	—	5
—	6000	—	7000	—	—	6
—	7000	—	8000	—	—	7
—	8000	—	9000	—	—	8
—	9000	—	10000	—	—	9
—	10000	—	11000	—	—	10
—	11000	—	12000	—	—	11
—	12000	—	13000	—	—	12
—	13000	—	14000	—	—	13
—	14000	—	15000	—	—	14
—	15000	—	16000	—	—	15

Af 16000 til 17000 kr. greiðist	1212 kr. af	16000 kr. og 16 % af afgangi
— 17000 — 18000 — —	1372 — —	17000 — — 17 — — —
— 18000 — 19000 — —	1542 — —	18000 — — 18 — — —
— 19000 — 20000 — —	1722 — —	19000 — — 19 — — —
— 20000 — 25000 — —	1912 — —	20000 — — 19,5 — — —
— 25000 — 30000 — —	2887 — —	25000 — — 20 — — —
— 30000 — 35000 — —	3887 — —	30000 — — 21 — — —
— 35000 — 40000 — —	4937 — —	35000 — — 22 — — —
— 40000 — 50000 — —	6037 — —	40000 — — 23 — — —
— 50000 — 70000 — —	8337 — —	50000 — — 24 — — —
— 70000 — 100000 — —	13137 — —	70000 — — 25 — — —
— 100000 og þar yfir	20637 — —	100000 — — 26 — — —

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Pegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutfé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2— 5% greiðist	5 % af fyrstu	2% og 10% af afgangi
5—10— —	8 — — —	5— — 15— — —
10—20— —	11½ — — —	10— — 20— — —
20—50— —	15¾ — — —	20— — 25— — —
50% og þar yfir	21 ³ / ₁₀ — — —	50— — 30— — —

Með innborguðu hlutfé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutfjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

9. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

- Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuíðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu visinda, lista

- og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.
- b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lifeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.
 - c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgangur af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguabúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
 - d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
 - e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazzt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
 - f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

10. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Skattskyldar tekjur váttryggingarféлага, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra váttryggingarféлага til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart váttryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra.

Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

11. gr.

Til tekna telst ekki:

- a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunargagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
- b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, eftirgjöf skulda eða þess háttar.
- c. Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku.
- d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

12. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.
Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.
- b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.
- c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð.

- Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.
- d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.
 - e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónuþryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.
 - f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflíð a.
 - g. Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga til varasjóðs má draga $\frac{1}{3}$ hluta, er skal vera undanþeginn tekju-skatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
 - h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignarskatt á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsg. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

13. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast hæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

14. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 800 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára i byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, 500 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skylduframfærilinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru i foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn og við hann miðast skattgjaldið samkv. 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

15. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár i atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár i stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

16. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða i skatt i rikissjóð sem hér segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000 til	15000 kr.	greiðist	1% ₀₀ af	því, sem er umfram 5000 kr.
—	15000	— 20000	—	10 kr. af	15000 kr. og 1,2% ₀₀ af afgangi
—	20000	— 30000	—	16	— 20000 — 1,5 — —
—	30000	— 50000	—	31	— 30000 — 2 — —
—	50000	— 100000	—	71	— 50000 — 3 — —
—	100000	— 200000	—	221	— 100000 — 4 — —
—	200000	— 500000	—	621	— 200000 — 5 — —
—	500000	— 1000000	—	2121	— 500000 — 6 — —
—	1000000	og þar yfir	—	5121	— 1000000 — 7 — —

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

17. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

18. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutfé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2% af hinum skattskyldu eignum.

19. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

20. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 18. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

21. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

- a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
- b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
- c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
- d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
- b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
- c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við

- ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru váttryggðar.
- d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
 - e. Hlutabréf, skuldabréf og önnur slið verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.
 - f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
 - g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.
- Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

23. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

25. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kys bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er

hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kys skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

26. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

27. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

28. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í rikisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir rikisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Rikisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

29. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða rikisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

30. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundum, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

32. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

33. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

- a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
- b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
- c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

35. gr.

Allir þeir, er hafa skattskyldar tekjur, skulu í Reykjavík fyrir 31. janúar, en annarsstaðar á landinu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastl. ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldaþréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

37. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers ófullnægjandi eða tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fáir skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttari, enda skal hún vera að minnsta kosti 10%

hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

38. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

39. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal lögð fram 1. dag aprilmánaðar á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd hefir fyrirfram auglýst, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skattstofunni, eða skrifstofu lögreglustjóra, og liggur skráin til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sérhver gjaldþegn getur krafizt munnlega upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hún hafi farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

40. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprilmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kærana fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan, ásamt framtalsskýrslum, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

41. gr.

Úrskurði skattanefndar, eða skattstjóra, má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærinni. Sé kæra ekki komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 30. maí og birtir aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

42. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitt-hvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantallinn eða tvítallinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir maimánaðarlok.

43. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til rikisskattanefndar, enda sé það gert bréflaga og kærán, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlilok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna lög-reglustjóra úrslitin tafarlaust til birtingar aðilum.

44. gr.

Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar. Í því skyni getur hún krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum og yfirskattanefndum. Svo getur og rikisskattstjóri ferðazt um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, ef ástæða þykir til, til þess að samræma skattframtal og skattákvörðun í hinum einstöku skattumdæmum, og yfir höfuð til að leiðbeina um allt það, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur. Loks getur rikisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en gera skal hún aðila aðvart áður en hún breytir skattgjaldi hans án þess að yfir því hafi verið kært.

Úrskurður rikisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir ómstóla.

45. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað rikissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og rikisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og rikisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

46. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun út-

svara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

47. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

48. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Nú breytir rikisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð til lögreglustjóra, eða tollstjóra, fyrir manntalsþing, og skal hann þá innheimta, eða endurgreiða, þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

49. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrir en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn $\frac{1}{4}$ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum $\frac{1}{4}$.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

50. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvist við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

51. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsg. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsak-
anlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eign-
um lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera hon-
um skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í timann en 3 ár, enda sé skattálag-
ingin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp und-
an henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

53. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri á-
byrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýsl-
unarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýsl-
an sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum
aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

54. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 36. gr., eða skorast
undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá
úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

55. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín sam-
kvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá
sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina
brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern
einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

56. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1. málsg., og 53. gr. laga
þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr.,
50. gr., 3. málsg., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lög-
reglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skatta-
nefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

57. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð, og má innheimta
þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað rikissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1932. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, sem samþykkt var í Neðri deild Alþingis á síðasta þingi og lagt hafði verið fram af meiri hluta millipinganefndar í tolla- og skattamálum, en eigi varð útrætt í þinginu.

Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til athugasemda millipinganefndarinnar (Fylgiskjal I), nafndarálits meiri hluta fjárhagsnefndar (Fylgiskjal II) og breytingartillögu, er samþykkt var (Fylgiskjal III).

Fylgiskjal I.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögnum nr. 23, 14. des. 1877, var tekjuskattur fyrst lögleiddur hér á landi, en þó var hann ekki þá talinn ná til aðalatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs. Á þá atvinnuvegi voru lagðir aðrir skattar, sem áttu að veða á móti tekjuskattinum. Á landbúnaðinum hvíldi ábúðarskattur og lausafjárskattur, en á sjávarútveginum útflutningsgjald og lausafjárskattur að nokkru.

Árið 1907 var skipuð 5 manna nefnd til þess að athuga skattalöggjöf landsins. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að lögleiða almennan tekjuskatt og eignarskatt, og samdi frv. um það efni. Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi 1913, eftir að stjórnin hafði breytt því nokkuð og meðal annars fellt burtu eignarskattinn. Málið kom til umræðu í Neðri deild, en stjórnin tók frv. aftur, eftir að frv. um fasteignaskatt hafði verið fellt þar í deildinni.

Árið 1917 voru sett lög um breyting á og viðauka við tekjuskattslögin frá 1877. Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru með þessum lögum, voru þær, að skatturinn var gerður stighækkandi og látirn ná bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, sem áður höfðu verið undanþegnir.

Á þinginu 1919 var landsstjórninni falið að endurskoða skattalöggjöfina, og árangurinn af þessu varð sá, að fyrir þingið 1921. var lagt, auk margra annara skattafrumvarpa, allitarlegt frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarp þetta var samþykkt á því þingi með nokkrum breytingum. Eru það lög nr. 74, 27. júní 1921, og eru þau enn í gildi, en talsverðar breytingar hafa verið á þeim gerðar með lögum, er samþykkt voru á þingunum 1923, 1924 og 1925.

Á þinginu 1928 var enn kosið millipinganefnd til þess að athuga skattalöggjöfina. Sú nefnd hefir tekið meðal annars tekju- og eignarskattslögin til allrækilegrar meðferðar og komið sér saman um ýmsar breytingar, sem felast í frv. hér á undan. Það varð að samkomulagi milli nefndarmanna að byggja á grndvelli laganna frá 1921 með síðari breytingum, vegna þess, að þau eru orðin kunn almenningi og skattanefndum og betra að átta sig á hinu nýja, ef niðurskipun efnis er sem líkust þvt, sem nú er. Þess er þó að geta, að einn nefndarmanna (HG) vill gera breytingar á skattstiganum og ýmsar frekari breytingar, sem sumpart leiða af því, enda hefir hann ekki átt kost á — vegna fjarveru — að eiga þátt í samningi athugasemda þessara. Mun hann bera fram sérstaklega umgetnar breytingartillögur sínar.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögunum frá 1921 var fyrst heimtur inn árið 1922. Skattur þessi hefir árlega orðið eins og hér segir:

1922	kr. 1358983.76
1923	— 823347.63
1924	— 800847.98
1925	— 2464017,54

1926	kr. 1264484.66
1927	— 827783.89
1928	— 1056671.83

Af þessu yfirliti sézt, að skattur þessi hefir þann ókost fyrir ríkissjóðinn, að hann er misjafn, eftir því hvernig árferði er, og getur þetta munað geysimiklu. Aftur á móti er það kostur fyrir gjaldþegnana að losna við nokknd af sköttum í slæmum árum, jafnvel þótt nokkru minna beri á þessu vegna þess, að skattur þessi greiðist ekki fyrr en ári síðar. Þetta raskar þó ekki réttmæti þessa skatts, en sýnir hinsvegar, að tekju- og eignarskattur eingöngu væri ríkissjóðnum harla ófullnægjandi.

Tekju- og eignarskatt þykir verða að telja meðal hinna réttlátustu skatta, enda mun hann hvarvetna tekinn í skattakerfi í hinum menntaða heimi, en engu að síður fylgja bonum þó nokkrir gallar. Hann er allfyrirhafnarsamur og dýr í innheimtu og það er talsvert erfitt að hafa eftirlit með því, að hann komi í raun og veru niður á þann hátt, sem til er ætlazt, með því að hann verður að miklu leyti að byggjast á framtali gjaldþegnanna sjálfra. Aftur á móti hefir þessi skattur þann mikla kost, að hann lætur hina efnaðri eða tekjuhærri ríkisborgara greiða stighækkandi skatt, sem ætlazt er til, að fari sem næst réttlátri niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

En þótt allt þetta sé viðurkennt, getur samt orðið ærinn skoðanamunur um skatt þennan, sérstaklega um hversu hár hann megi vera og hversu stighækkuninni skuli varið, því að vitaskuld eru í þessu efni engar fastar reglur til, enda sýnir reynslan, að skattstig hinna ýmsu landa eru mjög mismunandi. Skoðanamunur í þessum efnum hefir og komið greinilega fram í nefnd þeirri, sem frv. þetta hefir undirbúið, en hann snertir sérstaklega 6., 7. og 16. gr., eins og fyrr segir.

Þegar ákveða á tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, má ekki gleyma því, að sveitar- og bæjarfélög verða að taka mest af tekjum sínum með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, og er sú skattheimta náskyld tekju- og eignarskattinum, svo að telja má, að sama tegund sé, þótt aðferðin sé nokkuð önnur og gefi meira svigrúm fyrir mat. Útsvör landsmanna eru að meðaltali nálægt 4 millj. kr. á ári, nærfellt fjórföld á móts við tekju- og eignarskattinn, og sýnir þetta ljóst, að mjög mikill hluti skatta þegnanna er greiddur eftir tekju- og eignarskattsfyrirkomulaginu eða öðru fyrirkomulagi, sem því er náskýlt.

Í athugasemdunum hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi löggjöf, sem frv. þetta ráðgerir:

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga 1921, að því undanskildu, að það er beinlínis gert að skilyrði fyrir skattskyldu sökum heimilisfangs, að skattþegn hafi verið heimilisfastur hér hálf skattárið. Þetta er gert til þess að vernda þá, er flytja milli Íslands og annara landa, fyrir tvísköttun, sbr. niðurlög 5. gr. l. 1921

Um 2. gr.

Tvær fyrri málsgr. eru samhljóða 2. gr. l. 1921, nema i stað orðsins »annarsstaðar« kemur: i öðru ríki, — og er það aðeins orðabreyting. Tvær síðari málsgr. eru að efni samhljóða 2. og 3. gr. laga nr. 7, 16. maí 1925.

Um 3. gr.

Engin breyting frá gildandi lögum, nema að i stað »3« i upphafi 5. málsgr. kemur: 4, og þarfnast sú breyting ekki skýringa.

Um 4. gr.

Til skýringar er i gr. skotið inn orðunum: Ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir. Ennfremur er felld burtu 2. málsgr, 4. gr. laganna frá 1921, með því að réttast þykir, að þau ágreiningsefni, sem þar ræðir um, séu eingöngu dómstólamál.

Um 5. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 5. gr. l. 1921, eftir því sem hún hefir verið skiliin. Niðurlag greinarinnar, eins og það er i lögunum frá 1921, er tekið upp i 1. gr. frv.

Um 6. gr.

Er samhljóða 1. gr. laga nr. 2, 26. marz 1923.

Um 7. gr.

Er samhljóða 7. gr. l. 1921 og 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflíð a.

Um 8. gr.

Þessi grein er ný og hefir ekki verið hér i lögum, en svipuð ákvæði hafa lengi gilt i Englandi. Ákvæðið má skoða sem nokkurs konar mælikvarða á sparsemi þings og stjórnar og afkomu ríkissjóðs. Sama ákvæði að innihaldi var tekið upp i frv. til l. 1921, þó þannig, að ekki var sett ákvæðið mark fyrir hækkun eða lækkun, en þingið felldi ákvæðið burtu.

Um 9. gr.

Aðeins örlitlar orðabreytingar eru hér gerðar á 8. gr. l. 1921.

Um 10. gr.

Hún er að innihaldi i samræmi við 9. gr. laganna frá 1921 og 1. gr. l. nr. 39, 4. júní 1924.

Um 11. gr.

Þessi gr. er mjög i samræmi við 10. gr. l. 1921. I b-liðnum er þó bætt inn því ákvæði, að eftirgjöf skulda teljist ekki tekjur, og d-liður er orðaður nokkru skýrar en i gildandi lögum.

Um 12. gr.

Því nær allt innihald 11. gr. l. 1921 er tekið upp i þessa grein, en auk þess er bætt við 2 nýjum liðum, b og c, og munu þeir vera i samræmi við

framkvæmd laganna hingað til. E-liðurinn er lítið eitt breyttur, en ekki þarfnast sú breyting skýringa. Ennfremur er hér felld inn efni 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflíð b og c, með þeirri breytingu, að samvinnufélög eru sett á bekk með hlutafélögum um skattfrjálsan hluta af varasjóði.

Með lögum nr. 2, 26. marz 1923, var ákveðið, að draga skyldi frá skattskyldum tekjum aukaútsvar, tekjuskatt og eignarskatt. Það hefir orðið ofan á að fella þetta ákvæði burtu. Mun það meir en vega á móti skattlækkun þeirri, sem leiðir af hækkun persónufrádráttarins, sbr. aths. um 14. gr.

Um 13. gr.

Hér er gerð sú breyting, sem virðist sjálfsögð, að bæði hjónin ábyrgist skattgreiðslur, því ella getur svo farið, að t. d. konan aflar mestra eða allra teknaþna og ræður yfir þeim, að skattur tapist.

Að öðru leyti er greinin í samræmi við gildandi lög.

Um 14. gr.

Hér eru gerðar þær breytingar, að persónufrádrátturinn er hækkaður og gerður nokkuð mismunandi, eftir dýrtíðum í landinu, en nú er hann jafn allstaðar, og getur það tæpast talizt sanngjarnt. Ennfremur er frádrætti fyrir börn og aðra framfærilinga breytt, sumstaðar hækkað og sumstaðar lækkað, og styðst það við svipaða sanngirni. Frádráttur sá, sem hér er stungið upp á, er að sönnu tæpast nægur til að standast kostnað við framfæri, nema hagsýni og sparnaðar sé gætt, en lengra hefir ekki þótt fært að fara, til þess að rýra ekki skattinn, sbr. einnig aths. við 12. gr. síðari málsgr. Þá er og lagt til að félög megi draga $4\frac{1}{2}\%$ af hlutafé sinu eða stofnfé frá hreinum tekjum sínum í stað 4% .

Um 15. gr.

Er samhljóða 14. gr. laganna frá 1921.

Um 16. gr.

Hún er samhljóða 15. gr. laganna frá 1921.

Um 17. gr.

Þetta er ný gr. og svarar til 8. gr., og vísast til athugasemdanna um hana.

Um 18. gr.

Hún er samhljóða 16. gr. laganna.

Um 19. gr.

Er samhljóða 17. gr. l. 1921.

Um 20. gr.

Hún er samhljóða 18. gr. l. 1921.

Um 21. gr.

Hér er stungið upp á þeirri breytingu, sem mun vera í samræmi við framkvæmd gildandi laga, að bækur og fatnaður til einkaafnota sé undanskilið eignaskatti. Að öðru leyti eru aðeins gerðar orðabreytingar á 19. gr. l. 1921.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru mjög svipuð ákvæðum 20. gr. laganna frá 1921. Þó er sú breyting gerð, að búpeningur skal metinn til eignaskatts, framgenginn í næstu fardögum, eftir verðlagsskrárverði, sem gildir þegar skattur er lagður á. Aðrar breytingar má telja orðabreytingar.

Um 23. gr.

Þessi gr. svarar til 13. gr. og vísast til atbugasemdanna um hana um sameiginlega ábyrgð hjóna á skattgreiðslum.

Um 24. gr.

Þessi gr. svarar til 22. gr. laga 1921, og er að eins lítilfjórleg orðabreyting gerð.

Um 25. gr.

Þessi gr. er með sama innihaldi og 24. gr. laga 1921 og breytingarnar eru mestpart orðabreytingar.

Um 26. gr.

Þessi gr. er að innihaldi svipuð 1. gr. tilskipunar nr. 84, 30. nóv. 1921, og þarfnast því ekki skýringa, en að öðru leyti er sú breyting gerð að heimila fjármálaráðherra að taka upp í öðrum kaupstöðum sama fyrirkomulag í þessu efni og nú gildir í Reykjavík, ef eða þegar það þykir hentara, þ. e. að skipa þar skattstjóra í stað skattanefnda.

Um 27. gr.

Er samhljóða 25. gr. l. 1921.

Um 28. gr.

Það hefir oft verið fundið að því, að ósamræmi mundi vera í gerðum hinna ýmsu skattanefnda landsins, og ræður af líkum, að ekki er unnt að komast hjá því meðan engin allsherjarnefnd er, sem fylgist með og athugar, hverjum reglum er fylgt í hverjum stað. Þegar tekjuskattslögin voru sett 1921, kom það til orða, að nauðsynlegt mundi vera að hafa landsskattannfnd til þess að tryggja samræmi í skattaálagningunni. En þetta var þó ekki iöngleitt þá, en nú þykir rétt að stinga upp á, að þetta verði gert, því að mikils er um vert, að skatturinn komi sem jafnast niður, og það er skýlaus sanngirniskrafa skattgreiðenda, að þeir séu skattaðir eftir sömu reglum, hvar sem þeir eru á landinu. Bezta tryggingin fyrir þessu virðist vera yfirskattanefnd alls landsins, er rannsaki gerðir annara skattanefnda.

Um 29. gr.

Þessi gr. er að mestu ný og telur skilyrði þau, sem skattanefndarmenn verða að fylla, og hversu skyldir og mægðir þeir menn mega vera, sem sitja saman í nefnd.

Um 30. gr.

Þessi gr. svarar til 26. gr. l. 1921, og eru aðeins gerðar orðabreytingar á henni, til samræmis öðrum breytingum, er frumvarp þetta ráðgerir.

Um 31. gr.

Er að undanteknum fáeinum orðabreytingum samhljóða 27. gr. l. 1921.

Um 32. gr.

Hún svarar til 28. gr. l. 1921, en er hér gerð talsvert ítarlegri til þess að fyrirbyggja, að hlutdrægni komist að við skattákvörðun.

Um 33. gr.

Í þessari gr. er ekki gert ráð fyrir annari breytingu frá gildandi lögum en að tryggja undirskattanefndum 4 kr. borgun minnst hverjum manni á dag, og má það sannarlega ekki minna vera. Borgun til ríkisskattanefndar þykir verða að fela fjármálaráðherra að ákveða.

Um 34. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 30. gr. l. 1921.

Um 35. gr.

Þessi gr. svarar til 31. gr. l. 1921, en hún er styttn lítilsháttar, en þess þó að efni sé breytt að neinu leyti.

Um 36. gr.

Er samhljóða 32. gr. laga 1921.

Um 37. gr.

Er samhljóða 33. gr. l. 1921.

Um 38. gr.

Hér er stungið upp á lítilfjórlegum orðabreytingum á 34. gr. l. 1921.

Um 39. gr.

Breytingar þær, sem hér eru ráðgerðar á 35. gr. l. 1921, eru svo smávægilegar, að þær þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Er samhljóða 36. gr. l. 1921.

Um 41. gr.

Hér eru tekin upp aðalákvæði 37. gr. l. 1921 og ekki efni breytt að öðru leyti en því, að yfirskattanefndum er fyrirskipað að hafa lokið úrskurðum um kærur fyrir 30. maí.

Um 42. gr.

Hér eru aðeins orðabreytingar gerðar á 38. gr. l. 1921.

Um 43. gr.

Þessi gr. er ný og mælir fyrir um áfrýjun til ríkisskattanefndar, hversu fljótt skuli vera og hvenær nefndin skuli hafa lagt úrskurð sinn á.

Um 44. gr.

Þessi gr. er einnig ný og mælir fyrir um starfssvið ríkisskattanefndar. Virðast ákvæði gr. ekki þurfa skýringa.

Um 45. gr.

Þessi gr. svarar til 39. gr. 1921, og eru ekki gerðar á henni aðrar breytingar en þær, sem leiða af því, sem áður hefir verið gerð grein fyrir.

Um 46. gr.

Þessi gr. er að efni samhlj. 40. gr. l. 1921.

Um 47. gr.

Innihald þessarar gr. er í samræmi við 41. gr. l. 1921.

Um 48. gr.

Til viðbótar því, sem fyrir er mælt í 42. gr. l. 1921, er hér sagt fyrir um, hvernig fara skuli um innheimtu eða endurgreiðslu þess skatts, sem greiða ber samkvæmt ákvörðun ríkisskattanefndar.

Hér er og rétt að geta þess, að nefndinni hefir þótt nauðsynlegt að fella niður 43. gr. l. 1921, um að hver heimilisfaðir skuli inna skattinn af hendi fyrir þá menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, því að sú regla virðist ekki sanngjörn.

Um 49. gr.

Þessi gr. svarar til 44. gr. l. 1921, en nokkrar orðabreytingar eru á henni gerðar, en ekki þarfnast þær skýringa.

Um 50. gr.

Hér er stungið upp á nokkrum orðabreytingum á 45. gr. l. 1921, en ekki eru þær breytingar þess eðlis, að þær þarfnist skýringa.

Um 51. gr.

Er samhljóða 46. gr. l. 1921.

Um 52. gr.

Í lögnum frá 1921 eru engin ákvæði um þá gjaldþegna, sem eiga að greiða skatt, en af einhverjum ástæðum hafa fallið af skrá, en réttara er, að einnig séu fyriræli um, að slíkir gjaldþegnar skuli greiða skattinn, þegar uppvist verður, að þeir hafa undan fallið. Þó hefir ekki þótt rétt að heimta skatt fyrir lengri tíma en 3 ár, meðal annars af því, að þegar skatþegn er ekki tekinn á skrá, má venjulega telja það sök skattanefndar að einhverju leyti.

Um 53. gr.

Er eins og 47. gr. l. 1921.

Um 54. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 1. málgr. 48. gr. l. 1921.

Um 55. gr.

Grein þessi svarar til 2. málgr. 48. gr. l. 1921. Hefir þótt fara betur á vegna niðurröðunar efnisins að skipta þeirri gr. í tvennt. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið, þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Er að innihaldi eins og 49. gr. l. 1921.

Um 57. gr.

Er með sama innihaldi og 50. gr. l. 1921.

Um 58. gr.

Það er næsta mikilsvert, að reglugerð sú, sem fjármálaráðherra er falið í grein þessari að gefa út, verði sem gleggst og ítarlegust, því að í lögum er ekki heppilegt að gefa svo nákvæmar skýringar, sem búast má við, að þörf sé á, til þess að ná fullum árangri af lögum um þetta efni. Reglugerðarfyrirkomulagið hefir þann mikla kost, að útskýringar og viðauka er miklu auðveldara að gefa en ef sækja þarf til þingsins.

Um 59. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Frumvarp þetta, með athugasemdum, er óbreytt eins og það var afgreitt til ríkisstjórnarinnar af millipinganefndinni í tolla- og skattamálum. Í athugasemdunum er gerð grein fyrir mismunandi afstöðu hinna einstöku nefndarmanna, er væntanlega kemur þó skýrar fram við umræður í þinginu.

Frumvarpið er flutt eltir ósk fjármálaráðherra.

Nd. 303. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir nefndinni lágu frv. bæði meiri hlutans og minni hlutans i millipinganefndinni í tolla- og skattamálum um tekjuskatt og eignarskatt.

Þegar afstaða var tekin til málsins, var einn nefndarmanna (HV) ekki á fundi.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært með skatthækkun á þessum tekjustofni ríkissjóðs að ganga svo á tekjustofn sveitar- og bæjarsjóða sem frv. minni hl. gerir, og bafir því hallázt að frv. meiri hl. Með frv. minni hl. væri að vísu séð betur fyrir tekjuþörfum ríkissjóðs, en sveitar- og bæjarsjóðir stæðu þá tekju-sneyddir eftir með jafnstóran hluta af útgjöldum til opinberra þarfa og áður, nálægt $\frac{1}{4}$ af samlögðum þörfum til opinberra útgjalda. Þykir meiri hl. nefndarinnar í því hvorki sanngirni eða fyrirbyggja. Útsvörin eru langsamlega megin-tekjur sveitar- og bæjarsjóða og nær því hinn eini tekjustofn margra þeirra, og þau mega teljast nær algerlega hinn sami tekjustofn sem tekju- og eignarskatturinn. Allt þangað til tekju- og eignarskattslögin voru sett 1921, mátti svo heita, að sveitar- og bæjarsjóðir hefðu þennan tekjustofn nær óskertan. Síðan hafa útgjöld þeirra hraðvæxið án þess að öllum fjölda þeirra hafi verið séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum.

Þótt meiri hlutinn hafi ekki getað fallið á tillögur minni hl. i millipinganefndinni að þessu leyti, hefir hann samt tekið tillit til tillagna hans um ýms önnur smærri atriði, og kemur það fram í breytingartillögum nefndarinnar.

Innan nefndar meiri hl. er ágreiningur um eitt atriði í frv. meiri hl. millipinganefndarinnar, en það er niðurfelling þess ákvæðis, að tekju- og eignarskatt og útsvör megi draga frá skattskyldum tekjum. Tillaga nefndarinnar um að helminga þessi útgjöld til frádráttar er miðlunartillaga, sem sumir af nefndarmönnum eru þó óbundnir við, en sem ætla má, að meiri hluti þingsins geti fallið á, og er hið sama að segja um sumar aðrar breytingartillögur nefndar meiri hlutans.

Með þessum formála leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 3. og 4. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins islenszka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitajöldnm þeirra Íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

2. Við 10. gr.

a. 2. og 3. málsg. orðist svo;

Skattskyldar tekjur váttryggingarféлага, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrir mæli um heimild innlendra váttryggingarféлага váttryggðum.

b. 5. málsg. orðist svo:

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið til-lag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlags-uppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsupp-bótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

3. Við 12. gr.

a. Upphaf staflíðs g. orðist svo:

Af framlagi af ársarði samvinnuféлага, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutaféлага

b. Á eftir staflíð g. komi nýr staflíður:

h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignaskatt á árinu.

4. Við 37. gr. Fyrir »tortryggileg« í upphafi 2. málsliðar komi: ófullnægjandi eða tortryggileg.

Alþingi, 11. marz 1930.

H. Stefánsson,
form. og frsm.

Sig. Eggerz,
með fyrirv., einnig um rökstuðninginn.

Hannes Jónsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Fylgiskjal III.

1930.

Nd. 299. Breytingartillaga

við frv. til laga nm tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Flutningsm.: Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson.

Við 14. gr.

- a. Töluliður 1. orðist svo:
Fyrir einstakling 800 kr.
- b. Töluliður 2. orðist svo:
Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
- c. Við tölul. 3. Fyrir orðin »Í Reykjavík fyrir hvert barn« kemur:
500 kr. fyrir barn.